

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur/ útgáfa: 16.11.2016 / 6

Kemur í stað: 28.03.2011 / 5

Útskriftardagur: 15.5.2017

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti:

Golíat/ Kraftþrif fyrir matvælaíðnað

Framleiðandi:

Mjöll-Frigg ehf.

Norðurhelli 10

221 Hafnarfjörður

Sími: 512 3000

Netfang: mjollfrigg@mjollfrigg.isHeimasíða: www.mjollfrigg.is

Slys:

Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222.

Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf lækni. **Sími****Neyðarlínunnar er 112.**

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun samkvæmt Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]:

H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

2.2 Merkingaratriði

Merking: Hætta

Hættusetningar (CLP): **H314** Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

Varnaðarsetningar (CLP):

P273 Forðist losun út í umhverfið. **P280** Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/ aughlífar/andlitshlífar. **P301 + P310** EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni. **P301 + P330 + P331** EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst. **P305 + P351 + P338** BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. **P303 + P361 + P353** BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu. **P309 + P311** EF um váhrif er að ræða eða ef lasleika verður vart: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.):

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Kalíumhýdroxíð	1310-58-3	215-181-3	Skin Corr 1A Met. Corr 1	H314 H290	<5%
Natríumhýpóklórít	7681-52-9	231-668-3	Skin Corr 1B Aquatic Acute 1	H314 H400	<5%
Laurýlamíðoxíð	68955-55-5	273-281-2	Eye Dam 1 Aquatic Acute 1 Skin Irrit 2	H318 H400 H315	<5%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. SKYNDIHLJÁLPA

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Fjarlægjið strax mengaðan fatnað. Einkennum getur seinkað um margar klukkustundir. Mælt er því með að hinn slasaði sé undir eftirliti í 48 klst eftir áverkun.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sé hinn slasaði meðvitundarlaus skal leggja í læsta hliðarlegu. Leitið lækni.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega.

Snerting við augu Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni.

Inntaka Skolið munn. Drekið mikið vatn. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni.

Til hjálparliða Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, vatnsúði, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða. Notið alkóhólþolna froðu á mikinn eld.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna og upphitun myndast klörgas, ertandi og eitraðar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun og snertingu við húð. Notið persónuhlífar.

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu, og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Hlutleysið losað efni. Hreinsið upp og setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði vandlega með miklu vatni að hreinsun lokinni.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 7., 8. og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu.

Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara.

Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/fatnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið fjarri efnum sem innihalda sýrur. Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Athugið leiðbeiningar framleiðanda um æskilegt hitastig.

Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Liggur ekki fyrir.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Heiti innihaldsefnis	Auðkenni	Gildi	Ár
Natríumhýpóklórít	CAS-nr.: 7681-52-9 EC-nr.: 231-668-3 Nr. atburðaskráar: 017-011-00-1		
Natríumhýdroxíð	CAS-nr.: 1310-73-2 EC-nr.: 215-185-5 Nr. atburðaskráar: 011-002-00-6 Samheiti: Vítissóði, natríumhýdrat, caustic soda	15 mín.: 2 mg/m ³	2011

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðraraðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Persónuhlífar



Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur Notið viðeigandi, efnaþolna gúmmihlífðarhanska. Athugið leiðbeiningar framleiðanda. Ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þöli hlífðarhanska gagnvart vörinni. Aðrir þættir, t.d. hitastig, geta haft áhrif á endingartíma hanska. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.

Húð - annað Mælt er með notkun efnaþolna langgerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, eða sé rykmyndun til staðar, notið viðurkennda öndunargrímu með síu. Við háan styrk eða langvarandi vinnu, ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Tær, gulleitur vökvi.

Lykt: Klórlykt

Litur: Gulleitt

pH (20°C): 12,7

Tendrunarmark: Varan er ekki sjálfhendrandi

Eðlismassi: 1060 kg/m³

Leysanleiki í vatni: Leysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar: Tærir ál og léttmálma ef leyft er að liggja lengi

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1 Hvarfgirni: Hættur sem gætu skapast af hvarfgirni efnaþolndunnar stafa einkum af natríumhýdroxíði og natríumhýpóklóríti sem til staðar eru í blöndunni. Bæði efnin eru ætandi. Natríumhýpóklórít myndar auk þess eittrað klórgas ef það kemst í snertingu við syru. Það dregur mjög úr skaðlegri hvarfgirni við vatnsþynningu efnaþolndunnar. Varan er stöðug við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki: Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi: Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast: Við bruna og upphitun myndast klórgas, ertandi og eittraðar gufur.

10.5 Ósamrýmanleg efni: Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni: Við bruna og upphitun myndast klór, ertandi og eittraðar gufur.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif (erting):

Snerting við húð: Erting í húð og slímhúðum.

Snerting við augu: Mikil erting.

Næming: Næming um húð er hugsanleg.

Inntaka: Inntaka leiðir til mikillar ertingar í munni og koki, og hættu á að göt myndist í maga og vélinda.

Annað: Varan hefur eftirfarandi hættur í för með sér samkvæmt gildandi reiknireglum í flokkunarleiðbeiningum EB fyrir efnaþolndur: **Hættulegt heilsu, Ætandi, Ertandi.**

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif í vatni: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.2 Stöðugleiki og niðurbrot: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Varan inniheldur engin efni sem geta safnast upp í lífverum

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Almennt: Komið í veg fyrir að varan berist óþynnt eða óhlutleyst í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Skaðlegt drykkjarvatni, jafnvel þótt lítið magn berist í jarðveg. Hættulegt lífi í vatni.

12.5 PBT/vPvB: Inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT/vPvB.

13. FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

- 18 02 03 (úrgangur ef söfnun hans og losun fellur ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvarna)
- 18 02 05 (efni sem eru eða innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. FLUTNINGUR

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur samkvæmt ADR/IMDG/DGR

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD), 2004/42.

Íslenskar reglugerðir 236/1990 og 866/210.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

P273 Forðist losun út í umhverfið.

P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfátnað/ augnhlíf/andlitshlíf.

P301 + P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvífaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

P301 + P330 + P331 EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.

P305 + P351 + P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P303 + P361 + P353 BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.

P309 + P311 EF um váhrif er að ræða eða ef lasleika verður vart: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

Útgáfudagur: 16.11.2016

Útgáfa: 6

Höfundur: Richard Kristinsson

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgt að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem reykja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.